

Fjármálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármálaráðuneytið
Dagsetning: 8. desember 1997
Málsnúmer: 97100028
Bréfalykill: 342-0

Efni: Tillögur til breytinga á frumvarpi til laga um ríkisábyrgðir

Í ljósi þeirra umsagna sem borist hafa um frumvarpið og ítarlegrar umfjöllunar um málið, vill fjármálaráðuneytið gera eftirfarandi tillögur til breytinga:

- Ábyrgðargjald á þær skuldbindingar sem njóta ríkisábyrgðar nemi 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra erlendra skuldbindinga og 0,0375% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra innlendra skuldbindinga, eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili.
- Í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að skuldabréf útgefin af Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands til uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum bankanna gagnvart starfsmönnum sínum, skuli undanþegin ábyrgðargjaldi.